

[íslenska]

ALMENNIR SKILMÁLAR VARÐANDI KAUP OG NOTKUN

1. INNGANGUR

Skjal þetta (sem héðan í frá er kallað „skilmálarnir“), ásamt skjölunum sem hér er vísað til (sem sameiginlegu með skilmálunum eru kölluð „samningurinn“) hefur að geyma almenna skilmála sem gilda um notkun vefsvæðisins www.zara.com eða ZARA farsímaforritsins (sem sameiginlega eru kölluð „þjónustan“) og kaup á vörum með þeim.

Við hvetjum þig til að lesa skilmálana og persónuverndar- og vafrakökustefnu okkar áður en þú notar þjónustuna. Þegar þú notar þjónustuna eða leggur fram pöntun á henni ertu bundin(n) af þessum skilmálum og persónuverndar- og vafrakökustefnu okkar. Ef þú ert ekki sammála skilmálunum og persónuverndar- og vafrakökustefnunni skaltu ekki nota þessa þjónustu.

Þessir skilmálar kunna að breytast. Það er á þína ábyrgð að lesa þá öðru hvoru, því skilmálarnir á því formi sem þeir eru þegar þjónustan er notuð eða viðeigandi samningur er gerður eru þeir sem gilda.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi skilmálana eða persónuverndar- og vafrakökustefnuna getur þú haft samband við okkur með spjallinu sem hægt er að opna í þjónustunni eða á þeim samfélagsmiðlum þar sem okkur er að finna.

Samninginn má undirrita, að þínu vali, á hvaða tungumáli sem er sem skilmálarnir eru í boði á í þjónustunni.

2. AÐILAR

Aðilar að samningi þessum (sem hvor um sig kallast „aðili“ og sameiginlega „aðilar“) eru þú („þú“ eða „neytandi“) og Noron ehf. („við“ eða „söluaðili“).

Sala á vörum í gegnum þessa þjónustu fer fram undir nafninu ZARA af hálfu okkar, Noron ehf., íslensks félags með skráð heimilisfang að Skútuvogi 5, 104 Reykjavík, Íslandi, með kt. 550601-3110.

3. UPPLÝSINGAR ÞÍNAR OG HEIMSÓKNIR ÞÍNAR Á ÞESSA ÞJÓNUSTU

Farið verður með gögn eða persónuupplýsingar sem þú veitir okkur í samræmi við persónuverndar- og vafrakökustefnuna. Ef þú vilt nota þessa þjónustu er þörf á sérstöku samþykki þínu fyrir vinnslu gagna og upplýsinga, sem veitt er með því að haka við viðeigandi reit þegar skráning fer fram til að staðfesta að þú hafir lesið, skilið og samþykkt skilmálana. Upplýsingar sem þú veitir okkur skulu vera réttar og í samræmi við veruleikann.

4. NOTKUN ÞJÓNUSTU OKKAR

Þegar þú notar þessa þjónustu og pantar vörur í gegnum hana samþykkir þú:

i. Að nota þessa þjónustu einvörðungu til að senda fyrirspurnir og panta vörur á lagalega gildan hátt.

ii. Að þú munir ekki leggja fram rangar eða sviksamlegar pantanir. Ef telja má með sanngirni að slík pöntun hafi verið gerð er okkur heimilt að fella hana niður og tilkynna hana til lögbærra yfirvalda.

iii. Að veita okkur réttar og nákvæmar upplýsingar um netfang þitt, póstfang þitt og/eða hvernig má hafa samband við þig. Þú samþykkir einnig að okkur sé heimilt að nota þessa upplýsingar til að hafa samband við þig í tengslum við pöntun þína ef þörf krefur (sjá persónuverndar- og vafrakökustefnuna okkar).

Ef þú veitir okkur ekki allar upplýsingar sem við þurfum getur þú ekki pantað vöru.

Þegar þú pantar vöru í gegnum þessa þjónustu lýsir þú því yfir að þú sért eldri en 18 ára og að þér sé heimilt að lögum að gera bindandi samninga.

5. AÐGENGILEIKI ÞJÓNUSTU

Afhending á vörum sem boðnar eru í gegnum þessa þjónustu er aðeins í boði á Íslandi.

6. STAÐFESTING SAMNINGS

Til að panta vöru verður þú að fylgja rafrænu kaupleiðbeiningunum og smella á „Heimila greiðslu“. Þegar því er lokið færðu tölvupóst sem staðfestir að pöntun þín hafi verið móttækin („pöntunarstaðfesting“). Þú færð tilkynningu með tölvupósti þegar varan hefur verið send („sendingarstaðfesting“). Rafræn kvittun sem hefur að geyma upplýsingar um pöntun þína mun fylgja sendingarstaðfestingunni (héðan í frá „rafræn kvittun“).

7. TÆKNILEGAR AÐFERÐIR TIL AÐ LEIÐRÉTTA VILLUR

Ef þú tekur eftir villu þegar þú færir inn persónuupplýsingar þínar þegar þú skráir þig sem notandi þessarar þjónustu getur þú leiðrétt þær í „Mínar síður“.

Í öllu falli getur þú leiðrétt villur sem varða persónuupplýsingar sem veittar voru í kaupferlinu með því að hafa samband við þjónustufulltrúa okkar í gegnum spjallið sem er í boði á þjónustunni eða með því að hafa samband við okkur á þeim samfélagsmiðlum þar sem okkur er að finna, svo og með því að nýta þér rétt þinn til leiðréttingar sem getið er í persónuverndar- og vafrakökustefnunni okkar. Þjónustan birtir staðfestingarglugga á ýmsum stigum kaupferlisins sem leyfa ekki að haldið verði áfram með pöntun ef upplýsingar sem veittar eru á þessum stigum eru ekki veittar á réttan hátt. Þjónustan birtir einnig upplýsingar um allar vörur sem þú hefur sett í innkaupakerruna þína í kaupferlinu, svo þú getir breytt upplýsingum um pöntun þína áður en þú framkvæmir greiðslu.

Ef þú tekur eftir villu í pöntun þinni eftir að þú hefur lokið greiðsluferlinu skaltu umsvifalaust hafa samband við þjónustufulltrúa okkar til að leiðrétta villuna.

8. FRAMBOÐ Á VÖRUM

Allar vörupantanir eru háðar framboði. Ef erfiðleikar koma upp í framboði á vörum eða ef vörur eru ekki til á lager áskiljum við okkur rétt til að veita þér upplýsingar um sambærilegar vörur af sömu eða meiri gæðum og virði sem þú getur pantað. Ef þú vilt ekki panta slíkar sambærilegar vörur munum við endurgreiða þér fjárhæðina sem þú hefur greitt.

9. SYNJUN UM AFGREIÐSLU PÖNTUNAR

Við áskiljum okkur rétt til að fjarlægja hvaða vöru sem er úr þessar þjónustu hvenær sem er og rétt til að fjarlægja eða breyta efni eða innihaldi á þessari þjónustu. Þótt við munum ávallt gera það sem í valdi okkar stendur til að afgreiða allar pantanir kunna að koma upp óvenjulegar aðstæður sem gera það að verkum að við neyðumst til að neita að afgreiða pöntun eftir að við höfum sent pöntunarstaðfestingu. Við áskiljum okkur rétt til þess hvenær sem er.

Við munum ekki bera bótaábyrgð gagnvart þér eða nokkrum þriðja aðila þótt við fjarlægjum einhverja vöru úr þessari þjónustu, eða fjarlægjum eða breytum einhverju efni eða innihaldi á þessari þjónustu, eða afgreiðum ekki pöntun eftir að við höfum sent pöntunarstaðfestingu.

10. AFHENDING

Þrátt fyrir ákvæði 8. greinar að framan varðandi framboð á vörum, og ef ekki er um að ræða óvenjulegar aðstæður, munum við reyna að senda pöntun sem inniheldur þær vörur sem taldar eru upp í hverri afhendingarstaðfestingu fyrir dagsetninguna sem tilgreind er í viðkomandi afhendingarstaðfestingu eða, ef engin afhendingardagsetning er tilgreind, innan þess áætlaða tímaramma sem tilgreindur er þegar afhendingarmáti er valinn og, í öllu falli, innan 30 daga frá dagsetningu pöntunarstaðfestingar.

Engu að síðar kann afhending að tefjast af ófyrirséðum ástæðum.

Ef við getum ekki, af einhverjum ástæðum, afhent vöru innan uppgefins afhendingartíma munum við upplýsa þig um þá stöðu og bjóða þér að halda áfram með kaupin með nýrri afhendingardagsetningu eða fella pöntunina niður með fullri endurgreiðslu greiddrar fjárhæðar. Athugaðu að við getum ekki afhent vörur í heimsendingu á laugardögum, sunnudögum og almennum frídögum.

Í skilningi þessara skilmála skal „afhending“ teljast hafa farið fram eða pöntun „afhent“ um leið og þú eða þriðji aðili sem þú hefur tilgreint fá vörurnar í hendur, sem staðfest er með undirritun móttökukvittunnar á afhendingarheimilisfanginu sem þú gafst upp.

11. AFHENDING EKKI MÖGULEG

Ef við getum ekki afhent pöntun þína munum við reyna að finna öruggan stað þar sem hægt er að skilja hana eftir. Ef við getum ekki fundið öruggan stað verður pöntun þinni skilað aftur í vöruhús okkar.

Við munum einnig skilja eftir miða þar sem fram kemur hvar pöntun þín er staðsett og hvað þurfi að gera til að fá hana afhenta aftur. Ef þú verður ekki við á afhendingarstað á þeim tíma sem samþykktur hafði verið biðjum við þig að hafa samband við okkur til að skipuleggja afhendingu á öðrum degi.

Ef ekki reyndist unnt að afhenda pöntun þína innan 30 daga frá þeim tíma sem pöntun þín varð tiltæk til afhendingar, af ástæðum sem við eigum ekki sök á, munum við gera ráð fyrir að þú viljir rífta samningnum og það verður gert. Í kjölfar riftunar samningsins munum við endurgreiða þér allar greiðslur sem okkur bárust frá þér, þ.m.t. afhendingargjöld (að frátöldum þeim viðbótargjöldum sem kunna að leiða af ákvörðun þinni að velja annan afhendingarmáta en hinn venjulega afhendingarmáta sem við bjóðum) án óeðlilegra tafa, og í öllu falli innan 14 daga frá riftunardegi samningsins.

Athugaðu að flutningur sem kann að leiða af riftun samningsins gæti haft í för með sér viðbótarkostnað sem okkur er heimilt að láta þig greiða.

12. YFIRFÆRSLA Á ÁHÆTTU OG EIGNARHALDI

Vörurnar skulu vera á þína ábyrgð frá þeirri stundu sem þær eru afhentar þér eins og greinir í 10. grein að framan.

Eignarhald að vörunum færist til þín þegar okkur hefur borist fullnaðargreiðsla allra gjaldkræfra fjárhæða, þ.m.t. afhendingargjalda, eða við afhendingu (eins og skilgreint er í 10. grein að framan), ef hún fer fram síðar.

13. VERÐ OG GREIÐSLA

Verð á vörunum verður það sem tilgreint er hverju sinni í þjónustunni okkar, nema um sé að ræða augljósa villu. Þótt við munum gera það sem í valdi okkar stendur til að tryggja að verðin sem birtast í þjónustunni séu rétt er ekki hægt að útiloka villur. Ef við uppgötvim villu í verði vöru sem þú hefur pantað munum við upplýsa þig um það eins fljótt og auðið er og gefa þér möguleika á að staðfesta pöntun þína á réttu verði eða hætta við hana. Ef við getum ekki náð sambandi við þig verður litið svo á að pöntunin hafi verið afturkölluð og þú færð fulla endurgreiðslu á öllum greiddum fjárhæðum.

Okkur er ekki skylt að láta þér í té nokkra vöru á hinu ranga lægra verði (jafnvel þótt við höfum sent þér sendingarstaðfestingu) ef verðvillan var augljós og greinileg og þess eðlis að þú hefðir með sanngirni getað áttað þig á að um rangt verð hafi verið að ræða.

Verðin í þjónustunni er gefin upp með virðisaukaskatti, en án afhendingargjalda, sem er bætt við heildarverðið eins og greinir í kaupleiðarvísi okkar (sjá kaflann um afhendingargjöld).

Verð eru háð breytingum. Slíkar breytingar munu þó ekki, nema að því leyti sem fram kemur að ofan, hafa áhrif á pantanir ef við höfum sent pöntunarstaðfestingu vegna slíkra pantana.

Þegar þú hefur valið allar vörur sem þú vilt kaupa verða þær settar í körfuna þína. Næsta skrefið er að afgreiða pöntunina og framkvæma greiðslu. Til þess að það sé hægt þarft þú að fylgja skrefum kaupferlisins, og gefa upp eða staðfesta þær upplýsingar sem óskað er eftir í hverju skrefi. Ennfremur getur þú breytt upplýsingum um pöntun þína á öllum stigum kaupferlisins, áður en þú framkvæmir greiðslu. Ítarlega lýsingu á kaupferlinu er að finna í kaupleiðarvísinum. Ef þú ert skráður notandi getur þú ennfremur séð upplýsingar um allar pantanir þínar í „Mínar síður“.

Þú getur greitt með eftirtöldum kortum: Visa og MasterCard.

Til að lágmarka áhættu á óheimilum aðgangi verða kortaupplýsingar þínar dulkóðaðar. Þegar við höfum fengið pöntun þína munum við óska eftir heimild á kortinu þína til að tryggja að nægir fjármunir séu til staðar til að ljúka greiðslu. Kortið þitt verður gjaldfært þegar pöntunin þin yfirgefur vöruhúsið okkar.

Ef þú hefur valið að greiða með PayPal verður gjaldfærsla framkvæmd þegar þú staðfestir pöntunina þína.

Með því að smella á „Heimila greiðslu“ staðfestir þú að þú sért eigandi kreditkortsins.

Kreditkort þarfnast staðfestingar og heimildar frá viðkomandi kortaútgefanda. Ef viðkomandi aðili heimilar ekki greiðslu munum við ekki bera nokkra ábyrgð á töfum eða misbrestri á afhendingu og getum ekki gert samning við þig.

14. VIRÐISAUKASKATTUR

Samkvæmt gildandi reglum er lagður virðisaukaskattur (VSK) á öll kaup sem framkvæmd eru í gegnum þjónustuna.

15. SKIPTA-/SKILARÉTTUR

15.1 Lögbundinn réttur til að falla frá samningi

Réttur til að falla frá samningi

Ef þú gerir samning um kaup sem neytandi áttu rétt á því að falla frá samningnum innan 14 daga án nokkurra skýringa.

Rétturinn til að falla frá samningi fellur niður að liðnum 14 dögum frá þeim degi sem þú, eða þriðji aðili sem þú tilgreinir og er ekki flutningsaðili, færð vörurnar í hendur, eða ef um er að ræða fleiri en eina vöru sem eru hluti af einni pöntun og eru afhentar á mismunandi tímum, að liðnum 14 dögum frá þeim degi sem þú, eða þriðji aðili sem þú tilgreinir og er ekki flutningsaðili, færð þá síðustu af slíkum vörum sem eru hluti af einni pöntun í hendur.

Til að nýta þér rétt þinn til að falla frá samningi getur þú tilkynnt ZÖRU, í gegnum spjallið sem er í boði í þjónustunni eða með því hafa samband við okkur á þeim samfélagsmiðlum þar sem okkur er að finna, um ákvörðun þína um að falla frá samningi með skýrri yfirlýsingu þess efnis. Þú getur notað sniðið að yfirlýsingu um afpöntun sem fylgir í viðauka, en það er ekki skylt.

Til að nýta rétt þinn innan tilskilins tíma nægir að þú sendir yfirlýsingu um nýtingu réttar þíns til að falla frá samningi áður en fresturinn til að nýta réttinn rennur út.

Áhrif þess að falla frá samningi

Ef þú ákveður að falla frá þessum samningi munum við endurgreiða þér allar greiðslur sem við fengum frá þér, þ.m.t. afhendingargjöld (að frátöldum þeim viðbótargjöldum sem kunna að leiða af ákvörðun þinni að velja annan afhendingarmáta en hinn venjulega afhendingarmáta sem við bjóðum) án óeðlilegra tafa, og í öllu falli innan 14 daga frá því að samningnum er rift. Við munum framkvæma slíka endurgreiðslu með sama greiðslumáta og þú notaðir til að kaupa vöruna. Í öllu falli verður þér ekki gert að greiða nokkur gjöld vegna slíkrar endurgreiðslu. Þrátt fyrir framangreint er okkur heimilt að fresta endurgreiðslu þar til við höfum fengið vörurnar aftur í hendur eða þú hefur lagt fram gögn til staðfestingar á því að vörurnar hafi verið sendar til baka, hvort sem fyrr gerist.

Þú skalt skila vörunum í verslun ZÖRU á Íslandi, í gegnum flutningsaðila sem ZARA velur, eða skila þeim á tilgreindan skilastað án óeðlilegra tafa og í öllu falli ekki síðar en 14 dögum frá þeim degi sem þú tilkynntir okkur um ákvörðun þína að falla frá samningnum. Þessi frestur telst uppfylltur ef þú sendir vörurnar til baka áður en hið 14 daga tímabil er liðið.

Ef þú skilar vörunum ekki í verslun ZÖRU á Íslandi, í gegnum flutningsaðila sem ZARA velur, eða á tilgreindan skilastað, skal þú bera beinan kostnað sem hlýst af vöruskilunum.

Þú berð aðeins ábyrgð á lækkun á virði vara sem rekja má til þess að þær hafi verið meðhöndlaðar umfram það sem nauðsynlegt er til að staðfesta eðli, eiginleika og virkni umræddra vara.

15.2 Samningsbundinn réttur til að falla frá samningi

Auk hins lögbundna réttar til að falla frá samningi sem getið er í grein 15.1 að framan veitum við þér 30 daga frest, frá afhendingardegi varanna, til að skila vörunum (að frátöldum vörum sem taldar eru upp í grein 15.3 að neðan, sem eru undanskildar slíkum skilarétti).

Ef þú skilar vörunum innan hins samningsbundna skilafrests en að liðnum lögbundna frestinum til að falla frá samningi færðu aðeins endurgreiðslu fjárhæðarinnar sem greidd var fyrir umræddar vörur. Afhendingargjöld verða ekki endurgreidd. Ef þú skilar vörunum ekki í verslun ZÖRU á Íslandi, í gegnum flutningsaðila sem ZARA velur, eða á tilgreindan skilastað, skal þú bera beinan kostnað sem hlýst af vöruskilunum.

Þú getur nýtt samningsbundinn skilarétt þinn í samræmi við ákvæði greinar 15.1 að framan. Ef þú tilkynnir okkur að þú viljir falla frá samningnum eftir að hinn lögbundni frestur er liðinn ber þér þó í öllu falli að skila vörunum til okkar innan 30 daga frá dagsetningu afhendingarstaðfestingarinnar.

15.3 Ýmis ákvæði

Þú skalt ekki eiga rétt á að falla frá samningi um afhendingu á einhverjum eftirtalinna vara:

- i. Sérniðnar vörur
- ii. Tónlistargeisladiskar/DVD-diskar án upprunalegra umbúða.
- iii. Þéttlokaðar vörur sem eru ekki skilahæfar vegna heilsuverndar- eða hreinlætissjónarmiða og voru opnaðar eftir afhendingu.

Réttur þinn til að falla frá samningnum gildir aðeins um vörur sem er skilað í sama ásigkomulagi og þær voru í þegar þú veittir þeim viðtöku. Ekki verður endurgreitt fyrir vörur sem eru notaðar einu sinni eftir opnun, vörur sem eru ekki í sama ásigkomulagi og þær voru í við afhendingu, eða vörur sem hafa skemmst, og því skaltu passa vel upp á vörurnar á meðan þú hefur þær undir höndum. Vinsamlegast skilaðu vöru í eða með öllum upprunalegum umbúðum, leiðbeiningum og öðrum skjölum sem fylgdu með vörunni. Í öllu falli verður kvittunin sem þú fékkst þegar varan var afhent að fylgja með vörunni þegar henni er skilað. Upplýsingar um nýtingu skilaréttar fylgja með þegar þú færð pöntunina afhenta.

Við afpöntun skal vörum skilað eins og hér segir:

(i) Skil í verslun ZÖRU:

Þú getur skilað vöru í hvaða ZÖRU verslun sem er í landinu þar sem varan þín var afhent og býður upp á sama vöruflokk og varan sem þú vilt skila tilheyrir. Í slíku tilfelli ættir þú að fara í verslunina og skila vörunni ásamt kvittuninni sem þú fékkst þegar varan var afhent.

(ii) Skil með flutningsaðila:

Þegar skila á vöru með flutningsaðila sem við höfum valið skaltu hafa samband við okkur í gegnum spjallið sem er í boði í þjónustunni eða á þeim samfélagsmiðlum þar sem okkur er að finna svo hægt verði að sækja vöruna heim til þín. Þú ættir að senda vöruna í upprunalegum umbúðum og fylgja leiðbeiningunum sem fram koma undir „VÖRUSKIL“ í þjónustunni.

(iii) Skil á tilgreindan skilastað.

Þú getur beðið okkur um fyrirframgreitt póstburðarmerki sem þú getur sett á pakkann og skilið pakkann eftir á tilgreindum skilastöðum á Íslandi. Til þess að gera það skaltu fara í „Mínar síður > Pantanir og skil“ í þjónustunni og fylgja leiðbeiningunum sem þar birtast. Þú verður að senda vöruna í sömu umbúðum og þú fékkst hana í og fylgja leiðbeiningunum sem fram koma undir „Vöruskil“ í þjónustunni.

Enginn þriggja framangreindra valkosta hafa í för með sér nein viðbótargjöld.

Þú getur skilað vörunni beint á heimilisfangið sem fram kemur á kvittuninni sem fylgdi með vörunni þegar hún var afhent. Við biðjum þig að skila vörunni án tafar með kvittuninni á heimilisfangið sem fram kemur á kvittuninni. Þér ber að greiða kostnaðinn sem hlýst af skilum vörunnar.

Eftir að varan hefur verið skoðuð munum við tilkynna þér hvort þú eigir rétt á endurgreiðslu. Afhendingargjöld verða endurgreidd ef réttur til að falla frá samningi er nýttur innan hins lögbundna frests og öllum viðeigandi vörum er skilað. Endurgreiðsla verður framkvæmd eins fljótt og auðið er, og í öllu falli innan 14 daga frá þeim degi sem þú tilkynntir okkur um ákvörðun þína að afpanta.

Þrátt fyrir framangreint er okkur heimilt að fresta endurgreiðslu þar til við höfum fengið vörunar til baka eða þú hefur lagt fram gögn til staðfestingar á því að vörunar hafi verið sendar til baka, hvort sem fyrr gerist. Endurgreiðsla verður ávallt framkvæmd með sama greiðslumáta og þú notaðir til að greiða fyrir kaupin.

Þú bert kostnað og áhættu sem fylgir því að skila vörum til okkar, eins og greinir að framan.

Ef þú hefur einhverjar spurningar getur þú haft samband við okkur í gegnum spjallið sem er í boði í þjónustunni eða á þeim samfélagsmiðlum þar sem okkur er að finna.

15.4 Skil gallaðra vara

Ef þú telur að vara sé ekki, við afhendingu, eins og lýst er í samningnum verður þú að hafa samband við okkur umsvifalaust í gegnum spjallið sem er í boði í þjónustunni eða á þeim samfélagsmiðlum þar sem okkur er að finna og veita okkur upplýsingar um vöruna og skemmdirnar sem hún hefur orðið fyrir. Þér ber að skila vörunni í einhverja verslun ZÖRU á Íslandi, afhenda hana þeim flutningsaðila sem við sendum heim til þín eða afhenda hana á tilgreindum skilastað.

Við munum skoða vöruna sem var skilað vandlega og tilkynna þér með tölvupósti innan eðlilegs tíma hvort skipta megi vörunni og hvort þú eigir rétt á endurgreiðslu (eftir því sem við á). Endurgreiðsla eða skipti vörunnar skulu fara fram eins fljótt og auðið er og í öllu falli innan 14 daga frá þeim degi sem við sendum þér tölvupóst til að staðfesta að endurgreiðsla eða skipti vörunnar séu heimil.

Ef galli eða skemmdir eru staðfestar á vöru sem var skilað munum við veita þér fulla endurgreiðslu að meðtöldum gjöldum sem þú kannt að hafa greitt við afhendingu og skilin. Endurgreiðsla mun ávallt fara fram með sama greiðslumáta og þú notaðir til að greiða fyrir kaupin.

Hvað sem öðru líður verða öll réttindi, sem viðurkennd eru í gildandi löggjöf, virt.

16. ÁBYRGÐ OG ÚTILOKUN ÁBYRGÐAR, LÖGBUNDIN RÉTTINDI NEYTENDA

Nema annað komi sérstaklega fram í þessum skilmálum skal ábyrgð okkar vegna hvernar vöru sem keypt er í gegnum þjónustuna okkar alfarið takmarkast við kaupverð umræddrar vöru.

Þrátt fyrir framangreint skal ábyrgð okkar ekki falla niður eða vera takmörkuð í eftirfarandi tilvikum:

- i. í tilviki andláts eða líkamstjóns sem rekja má til gáleysis okkar,
- ii. í tilviki svika eða sviksamlegra blekkinga af okkar hálfu, eða
- iii. í því tilviki að það væri ólöglegt eða ólögmaett að útiloka, takmarka eða reyna að útiloka eða takmarka ábyrgð okkar.

Þrátt fyrir málgreinina að ofan, og að því marki sem heimilt er að lögum, og nema annað komi fram í þessum skilmálum, munum við ekki samþykkja neina ábyrgð á eftirtöldu tapi, hvað sem líður orsökum þess:

- i. tekju- eða sölutap,
- ii. rekstrartap,
- iii. missir hagnaðar eða samninga,
- iv. missir áætlaðs sparnaðar,
- v. gagnatap, og
- vi. missir viðskipta eða tíma stjórnenda.

Vegna hins opna eðlis þjónustunnar og möguleika á mistökum í geymslu og flutningi stafrænna upplýsinga ábyrgjumst við ekki nákvæmni og öryggi upplýsinga sem eru sendar eða er aflað í gegnum þjónustuna, nema annað komi sérstaklega fram í þjónustunni.

Allar vörulýsingar, upplýsingar og gögn sem birtast í þjónustunni eru veitt „eins og þau eru“, með engri yfirlýstri eða óbeinni ábyrgð á þeim, nema þeim sem kveðið er á um í lögum. Ef þú gerir samning sem neytandi eða notandi er okkur skylt að afhenda vörur sem eru í samræmi við samninginn, og berum ábyrgð gagnvart þér á hvers konar ósamræmi sem kann að vera til staðar við afhendingu. Viðurkennt er að vörurnar séu í samræmi við samninginn ef þær: (i) samrýmast lýsingunni sem við veitum og hafa þá eiginleika sem við kynntum í þjónustunni, (ii) eru hæfar til þeirra nota sem viðkomandi vörur eru venjulega ætlaðar til, og (iii) hafa til að bera þau gæði og nothæfi sem teljast venjuleg fyrir vörur af sama tagi og sem sanngjarnt er að ætlast til. Að því marki sem heimilt er að lögum útilokum við allar ábyrgðir nema þær sem ekki verða útilokaðar þannig að gilt sé.

17. HUGVERK

Þú viðurkennir og samþykkir að allur höfundarréttur, skráð vörumerki og önnur hugverkaréttindi að öllum gögnum eða efni sem er veitt sem hluti af þjónustunni tilheyrir okkar á öllum stundum eða þeim sem hafa veitt okkur nytjaleyfi að þeim. Þér er aðeins heimilt að nota slík gögn að því marki sem við eða nytjaleyfisveitendur heimila það sérstaklega. Þetta kemur ekki í veg fyrir að þú notir þjónustuna að því

marki sem nauðsynlegt er til að afrita upplýsingar um pöntun þína eða upplýsingar um hvernig má hafa samband.

18. VÍRUSAR, EINKARÉTTARBROT OG AÐRAR TÖLVUÁRÁSIR

Þér er ekki heimilt að nota þjónustuna á ótilhlýðilegan hátt með því að setja í hana, af ásettu ráði, vírusa, trjójúvírusa, biðsprengjur eða annan hugbúnað eða gögn sem valda tæknilegum skaða. Þér er ekki heimilt að reyna að fá óheimilan aðgang að þjónustunni, netþjóninum þar sem hún er hýst eða nokkrum netþjóni, tölvu- eða gagnagrunni sem varðar þjónustu okkar. Þú heitir því að þú munir ekki gera árás á þjónustuna með nokkurri atlögu að þjónustumiðlun eða dreifðri atlögu að þjónustumiðlun.

Litið verður á misbrest á að hlíta þessari grein sem lagabrot eins og það er skilgreint samkvæmt viðeigandi lögum og reglugerðum. Við munum tilkynna öll brot á þessari grein til viðeigandi yfirvalda og munum vinna með þeim að því að komast að raun um hver bar ábyrgð á viðkomandi árás. Að sama skapi skal heimild til að nota þjónustuna falla þegar í stað niður ef misbrestur verður á að hlíta þessari grein.

Við berum ekki ábyrgð á neinu tjóni eða skaða sem hlýst af atlögu að þjónustumiðlun, vírusum eða öðrum hugbúnaði eða gögnum sem valda tæknilegum skaða og kunna að hafa áhrif á tölvu þína, tölvubúnað þinn eða gögn þín sökum þess að þú notir þjónustuna eða halir niður efni af henni eða þjónustum sem þjónustan vísar þér á.

19. HLEKKIR Á ÞJÓNUSTUNNI OKKAR

Ef þjónustan okkar inniheldur hlekki á önnur vefsvæði eða gögn þriðju aðila eru slíkir hlekkir aðeins veittir í upplýsingaskyni og við höfum enga stjórn á efni slíkra vefsvæða eða gagna. Því samþykjum við enga ábyrgð á nokkru tjóni eða skaða sem kann að hljóttast af notkun þeirra.

20. SKRIFLEG SAMSKIPTI

Viðeigandi reglur kveða á um að sumar upplýsingar eða tilkynningar sem við sendum þér skuli vera á skriflegu formi. Með því að nota þjónustuna samþykkir þú að flest samskipti við okkur verði á rafrænu formi. Við munum hafa samband við þig með tölvupósti eða veita þér upplýsingar með því að birta tilkynningar í þjónustunni. Þú samþykkir, í samningsaskyni, að nota slíkar rafrænar samskiptaleiðir og samþykkir að allir samningar, tilkynningar, upplýsingar og önnur samskipti sem við sendum þér á rafrænan hátt uppfylli lagalegar kröfur um að þær skuli veittar á skriflegu formi. Þessi skilmáli hefur ekki áhrif á lagaleg réttindi þín.

21. TILKYNNINGAR

Tilkynningar sem þú sendir okkur skal senda í gegnum spjallið sem er í boði í þjónustunni eða þá samfélagsmiðla þar sem okkur er að finna. Í samræmi við ákvæði 22. greinar að framan og nema á annan veg sé mælt getum við sent þér tilkynningar annað hvort með tölvupósti eða á pósthöfund sem þú gafst upp þegar þú lagðir fram pöntun.

Viðurkennt er að tilkynningar teljist móttæknar og aðhafst skuli samkvæmt þeim um leið og þær eru birtar í þjónustunni, 24 klukkustundum eftir að þær hafa verið sendar með tölvupósti eða þremur dögum eftir

póstlagningardagsetningu bréfs. Til staðfestingar á því að tilkynning hafi verið send skal nægja að sýna fram á, ef um bréf er að ræða, að það hafi verið stílað á rétt heimilisfang, að rétt burðargjald hafi verið greitt og að það hafi verið afhent á viðeigandi hátt á pósthús eða í póstkassa eða, ef um tölvupóst er að ræða, að tilkynningin hafi verið send á netfangið sem gefið var upp af viðtakanda.

22. FRAMSAL RÉTTINDA OG SKYLDNA

Samningurinn er bindandi fyrir báða aðila, svo og fyrir arftaka, framsalshafa og erfingja þeirra. Þér er ekki heimilt að láta af hendi eða framselja á annan hátt samninginn eða nokkur réttindi eða skyldar sem byggja á honum, nema að fengnu skriflegu samþykki okkar.

Okkur er heimilt að láta af hendi, setja í undirverktöku eða framselja á annan hátt samninginn eða öll réttindi eða skyldar sem byggja á honum, hvenær sem er á gildistíma samningsins. Til að forðast vafa skal slík afhending eða annars konar framsal ekki hafa áhrif á réttindin sem þú kannt að njóta sem neytandi samkvæmt lögum, eða ógilda, skerða eða takmarka á nokkurn hátt þær yfirlýstu og óbeinu ábyrgðir sem við höfum veitt þér.

23. ATBURÐIR SEM VIÐ FÁUM EKKI RÁÐIÐ VIÐ

Við berum ekki ábyrgð vegna nokkurs misbrests eða tafar á efndum nokkurra skyldna sem við höfum tekist á hendur samkvæmt samningnum ef slíkt er að rekja til atburða sem við fáum ekki ráðið við með eðlilegum ráðum („óviðráðanleg atvik“).

Til óviðráðanlegra atvika teljast hvers kyns athafnir, atburðir, misbrestur á nýtingu, yfirsjón eða slys sem við fáum ekki ráðið við með eðlilegum ráðum, þar með talið:

- i. Verkföll, verkbönn eða önnur mótmæli.
- ii. Borgaralegur órói, uppreisn, innrás, hryðjuverkaárás eða hryðjuverkaógn, stríð (hvort heldur er yfirlýst eða ekki) eða stríðshótun eða undirbúningur fyrir stríð.
- iii. Eldsvoði, sprenging, stormur, flóð, jarðskjálfti, hrún, faraldur eða aðrar náttúruhamfarir.
- iv. Vangeta til að nota lestir, skip, flugvélar, vélknúna flutninga eða aðra flutningsmáta, hvort heldur er opinbera eða í einkaeigu.
- v. Vangeta til að nota fjarskiptakerfi, hvort heldur opinber eða í einkaeigu.
- vi. Lög, tilskipanir, reglugerðir eða takmarkanir sem settar eru af stjórnvöldum eða opinberum yfirvöldum.
- vii. Verkfall, bilun eða slys í flutningum á sjó eða ám, póstflutningum eða annars konar flutningum.

Viðurkennt er að skuldbindingar okkar samkvæmt samningnum falli niður á meðan óviðráðanleg atvik vara og að okkur verði veittur aukinn tími til að efna slíkar skuldbindingar sem nemur þeim tíma sem óviðráðanleg atvik vörðu. Við munum gera allt það sem sanngjarnt getur talist til að binda enda á óviðráðanleg atvik eða finna lausn sem gerir okkur kleift að efna samningsskyldur okkar þrátt fyrir óviðráðanleg atvik.

24. EFTIRGJÖF RÉTTINDA

Það að við krefjumst þess ekki að þú efnir í einu og öllu einhverja skuldbindingu sem þú hefur tekist á hendur samkvæmt samningnum eða þessum skilmálum eða persónuverndar- og vafrakökustefnunni, eða það að við nýtum ekki einhver réttindi eða úrræði sem við eigum samkvæmt samningnum eða

skilmálunum eða persónuverndar- og vafrakökustefnunni, skal ekki jafngilda eftirgjöf eða takmörkun slíkra réttinda eða úrræða, eða leysa þig undan skyldu til að uppfylla slíka skuldbindingu.

Eftirgjöf okkar á tilteknum réttindum eða úrræðum skal ekki jafngilda eftirgjöf annarra réttinda eða úrræða sem byggja á samningnum eða skilmálunum eða persónuverndar- og vafrakökustefnunni.

Eftirgjöf okkar á einhverjum þessara skilmála eða réttindum eða úrræðum sem byggja á samningnum eða persónuverndar- og vafrakökustefnunni skal ekki öðlast gildi nema sérstaklega komi fram að um eftirgjöf réttinda sé að ræða og hún sé tilkynnt þér í samræmi við ákvæði kaflans að framan um tilkynningar.

25. ÓGILDING AÐ HLUTA

Ef einhver þessara skilmála eða önnur ákvæði samningsins, þ.m.t. ákvæði í persónuverndar- og vafrakökustefnunni, eru úrskurðuð ógild með ákvörðun viðeigandi yfirvalda skulu aðrir skilmálar og ákvæði haldast í fullu gildi og ekki verða fyrir áhrifum af slíkri ákvörðun um ógildingu.

26. HEILDARSAMNINGUR

Þessir skilmálar ásamt öllum skjölum sem vísað er til í þeim jafngilda heildarsamningnum á milli aðila að því er varðar tilgang hans, sem kemur í stað allra fyrri samninga eða loforða á milli aðila, hvort heldur munnlegra eða skriflegra.

Aðilar staðfesta að þeir hafi samþykkt að gera samninginn án þess að reiða sig á nokkra yfirlýsingu eða loforð af hálfu hins aðilans eða sem ráða mætti af einhverri yfirlýsingu eða skjali í viðræðum milli aðila áður en samningurinn var gerður, að undanskildum þeim sem sérstaklega er getið í þessum skilmálum.

Hvorugur aðili skal aðhafast nokkuð varðandi einhverja ranga yfirlýsingu sem gefin var af gagnaðilanum, hvort heldur munnlega eða skriflega, fyrir dagsetningu samningsins (nema slík röng yfirlýsing hafi verið gefin í sviksamlegum tilgangi). Aðilar skulu aðeins grípa til aðgerða ef um er að ræða samningsbrot gagnaðilans samkvæmt ákvæðum þessa skilmála.

27. RÉTTUR OKKUR TIL AÐ BREYTA ÞESSUM SKILMÁLUM

Okkur er heimilt að endurskoða og breyta þessum skilmálum hvenær sem er.

Þú lýtur þeim stefnum og skilmálum sem eru í gildi þegar þú notar þjónustuna eða leggur fram pöntun, nema okkur sé skylt samkvæmt lögum eða ákvörðun yfirvalda að gera afturvirkar breytingar á slíkum stefnum, skilmálum eða persónuverndar- og vafrakökustefnunni. Í því tilviki munu hugsanlegar breytingar einnig gilda um fyrri pantanir þínar.

28. LÖG SEM GILDA OG LÖGSAGA

Íslensk lög gilda um notkun þjónustu okkar og kaupsamninga um vörur sem gerðir eru í gegnum þjónustuna.

Ágreiningsmál sem kunna að rísa af eða tengjast notkun þjónustunnar eða slíkum samningum skulu lúta lögsögu íslenskra dómstóla, án þess að útiloka lögsögu annarra dómstóla.

Ef þú gerir samning sem neytandi skal ekkert í þessari grein skerða lögbundin réttindi þín sem kunna að vera viðurkennd í viðeigandi lögum á þessu sviði.

29. ATHUGASEMDIR, ÁBENDINGAR, KVARTANIR OG KRÖFUR

Við fögnum athugasemdum og ábendingum þínum. Vinsamlegast sendu athugasemdir og ábendingar í gegnum spjallið sem er í boði í þjónustunni eða með því að hafa samband við okkur á samfélagsmiðlum.

VIÐAUKI

Snið að yfirlýsingu um afpöntun

(aðeins skal fylla út og skila þessu eyðublaði ef þú vilt falla frá samningnum)

Viðtakandi: Noron ehf., sem starfar undir viðskiptaheitinu ZARA

Heimilisfang: Skútuvogi 5, 104 Reykjavík, Íslandi Hér með tilkynni ég um ákvörðun mína um að falla frá samningi mínum um kaup á eftirtöldum vörum:

Pantað þann/móttekið þann (*)

Nafn neytanda

Heimilisfang neytanda

Undirskrift neytanda (gildir aðeins um eyðublað á pappír)

Dagsetning

(*) Fellið brott eftir því sem við á

[English]

GENERAL TERMS AND CONDITIONS OF PURCHASE AND USE

1. INTRODUCTION

This document (hereinafter referred to as the "Conditions"), together with the documents mentioned herein (those documents together with the Conditions are hereinafter jointly referred to as the "Contract"), establish the general terms and conditions that govern the use of the website www.zara.com or the ZARA mobile application (herein jointly referred to as the "Platform") and the purchase of products on it.

We urge you to read the Conditions, and our Privacy and Cookies Policy carefully before using this Platform. When using this Platform or placing an order on it, you are bound by these Conditions and our Privacy and Cookies Policy. If you don't agree with the Conditions and with the Privacy and Cookies Policy, do not use this Platform.

These Conditions may be modified. It is your responsibility to read them periodically, as the Conditions at the time of using the Platform or concluding of the relevant Contract shall be those that apply.

If you have any query regarding the Conditions or the Privacy and Cookies Policy, you may contact us via the chat accessible through the Platform or our official accounts on social networks.

The Contract may be executed, at your choice, in any of the languages in which the Conditions are available on this Platform.

2. THE PARTIES

The parties to this Contract (each referred to as a "Party" and jointly as the "Parties") are you (herein, "You", or the "Consumer") and Noron ehf. (herein, "We", or the "Trader").

Sale of goods through this Platform is carried out under the name ZARA by us, Noron ehf., an Icelandic company with registered address at Skútuvogur 5, 104 Reykjavík, Iceland, with ID Number 550601-3110.

3. YOUR DETAILS AND YOUR VISITS TO THIS PLATFORM

